

Umhverfishópar í Garðabæ sumarvinna ungs fólks



Yfirumsjón:

Erla Bil Bjarnardóttir
umhverfisstjóri

Verkefnisstjórn:

Gissur Hrafn Gíslason
yfirflokkstjóri umhverfishópa

Sara Daðadóttir
verkefnisstjóri frístundar fatlaðra

- ❖ Inngangur
 - Undirbúningur
 - Fræðsla
- ❖ Samantekt helstu verkefna
 - Hreinsun bæjarlandsins – Ruslatínsla
 - Heyrakstur og hirðing
 - Ágengar tegundir
 -) Skógarkerfill
 -) Lúpína
 -) Bjarnarkló
- ❖ Umhirða gróðurbeða
- ❖ Gróðursetningar og landgræðsla
- ❖ Útivistarstígar – viðhald
- ❖ Merking gönguleiða
- ❖ Þökulögn
- ❖ Málningarvinna
- ❖ Eftirlit í friðlandi Vífilsstaðavatns – veiði og hundabann
- ❖ Flórigoðar og fuglalíf
- ❖ Jónsmessa Sjálandi og fleiri verkefni
- ❖ Viðauki: Atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni í Garðabæ sumarið 2016. Skýrsla verkefnastjóra:
 - Almennt um úrræðið
 - Undirbúningur og húsnæði Frístundar
 - Umsóknarferli - þjónustunotendur
 - Stuðningsaðilar
 - Vinna þjónustunotenda
 - Frístundin
 - Samantekt
- ❖ Kökurit
- ❖ Niðurlag
- ❖ Framtíðarsýn sumarstarfa

Inngangur

Þetta er áttunda sumarið frá 2009 sem bæjaryfirvöld í Garðabæ standa fyrir verkefninu *Sumarvinna vegna ungs fólks*, nú árið 2016 með 100 mkr. fjárveitingu, það töluverð lækkun frá því sem áður var enda búist við færri umsóknum til sumarstarfa. Verkefnið felur í sér margvísleg störf meðal annars í því að halda bæjarlandinu snyrtilegu, útvega sumarstarfskrafta til stofnana bæjarins aðallega til leikskóla og hjúkrunarheimilisins Ísafoldar, til frístundar fatlaðra, til félagasamtaka s.s. golfvöllina og til skapandi hóps ungra verðandi listamanna samtals um 250 manns. Verkefnið fékk aukafjárveitingu 51 mkr. frá bæjarstjórn þann 15. sept.

Skýrsla þessi fjallar um starfsemi umhverfishópa (áður nefnt sumarátak) sem voru starfræktir áttunda sumarið í röð. Einnig meðfylgjandi skýrsla um sumarstörf og frístund fatlaðra ungmenna sem starfa samhliða umhverfishópunum. Skýr vilji bæjaryfirvalda hefur verið að leita allra leiða til að tryggja ungu fólki, sérstaklega 17 ára og eldri sumavinnu í júní og júlí vegna þess að erfitt hefur verið fyrir ungmenni á þessum aldri að fá sumavinnu á almennum vinnumarkaði. En þessi þróun er að snúast.

Umhverfisstjóri hafði yfirumsjón með umhverfishópum og réð Gissur Hrafn Gíslason verkefnisstjóra sér við hlið. Hann hóf störf í byrjun maí stjórnaði undirbúningi verkefnisins og sá um daglega stjórnun hópanna. Fjórir hópar störfuðu í umhverfishópum hver með flokkstjóra, samtals 48 starfsmenn. Þetta er veruleg fækkun starfsfólks milli ára til umhverfishópa, þetta er utan frístundarfólks.

Skjólstæðingum fjölskyldusviðs var gefinn kostur á þátttöku í sumarstörfum ungs fólks. Þetta er fimmta sumarið sem boðið er upp á þetta úrræði. Það voru 12 skjólstæðingar sem komu í verkefnið með 11 stuðningsaðilum. Unnu þau úti í umhverfishópunum fyrir hádegi, en í athvarfi frístundarverkefnisins eftir hádegi í umsjón Söru Daðadóttur verkefnisstjóra. Sjá nánar í viðauka þessarar skýrslu um sumarstörf og frístundarúrræði fatlaðra.

Umhverfishópar unnu að fegrun bæjarins að ýmsum verkefnum, hreinsun bæjarlandsins með ruslatínslu, heyrakstri eftir slátt á hljóðmönum bæjarins, umhirði gróðurbeða í Urriðaholti, heftingu og útbreiðslu ágengra tegunda þ.e. lúpínu og kerfils og yfirlagningu útivistarstíga. Trjáskurð var lagt í útivistarstíga og sem yfirlag á gróðurbeð.

Jafnframt sá Gissur yfirflokksstjóri um veiðieftirlit í friðlandi Vífilsstaðavatns, eftirlit með banni við hundum um varptímann við vatnið, uppsetningu leiðbeiningarskilta o.fl. Setti upp hreiðurstæði fyrir flórigoða úti á Vífilsstaðavatnið ásamt Ástu Leifsdóttur landverði sem sá um eftirlit á friðlandinu í apríl áður en Gissur kom til sumarstarfa.

Þátttaka ungra Garðbæinga í sumavinnu hjá bænum gefur þeim góða og gagnlega innsýn í hvað bærinn þeirra hefur upp á margt að bjóða. Þau hafa tekið þátt í uppbyggingu svæða, umhirðu opinna svæða, áttað sig á útbreiðslu ágengra tegunda í flóru bæjarlandsins, fylgst með fuglalífi í friðlandi Vífilsstaðavatns og ekki síst kynnst víðerni bæjarlandsins.

Undirbúningur

Sumarstörf hjá Garðabæ voru auglýst á vef bæjarins, í Garðapóstinum og Fréttablaðinu fyrstu vikuna í mars. Opnað var fyrir umsóknir 1. mars á ráðningarvef á www.gardabaer.is með umsóknarfresti til 1. apríl. Hægt var að sækja um hin ýmsu sumarstörf hjá Garðabæ; í garðyrkju og slætti, hjá þjónustumiðstöð/áhaldahúsi, hjá vinnuskóla, í umhverfishópa eða á stofnunum t.d. leikskólum, í skapandi listahóp og hjá starfandi félögum í bænum t.d. Stjörnunni, skátum og á golfvöllum. Eftir að umsóknarfresti til sumarstarfa lauk var hægt að sækja um að komast á biðlista eftir sumarvinnu en þá var ekki hægt að óska eftir sérstökum störfum.

Líkt og undanfarin ár var öllum þeim ungmennum sem eiga lögheimili í Garðabæ og sóttu um sumarstarf innan tiltekins umsóknarfrests boðið starf hjá bænum í sumar. Auk þess fengu þrjú ungmenni á vegum Nordjobb vinnu í umhverfishópum. Þau voru tvö finnsk og einn dani.

Vinnutími ungmenna:

1. Fædda 1998 og fyrr fengu vinnu í 7 tíma á dag í 8 vikur tímabilið 1. júní til 26. júlí.
2. Fædda 1999 fengu vinnu í 6 tíma á dag í 7 vikur, frá 1. júní til 19. júlí.

Sumarstörfin hófust 1. júní er ungmennin mættu til vinnu kl. 9:00 við bækistöð umhverfishópa að Garðatorgi 1, Hrísmóamegin. Að Garðatorgi 1 jarðhæð var aðsetur umhverfishópa, með skrifstofu og til fundarhalda.

Búnaður var fábrotinn þ.e. ein borðtölva, fartölva, kaffivél og farsími fyrir verkefnisstjórnann. Í lokuðu porti framan við aðstöðuna var geymsluaðstaða fyrir verkfæri.

Frístund fatlaðra fékk aðstöðu í fyrrverandi verslunarrými á Garðatorgi 7, sem var annað sumarið þar.

Gámi fyrir aðstöðu og verkfæri með salernisaðstöðu við friðland Vífilsstaðavatns.

Verkfæragámur var einnig staðsettur í Kaupúni, fyrir Urriðaholt vegna vinna þar í gróðurbeðum og grashirðu.

Leigður var pickup bíll í umsjá verkefnisstjóra sem sá umhverfishópum fyrir aðföngum og upphirðu.

Vinnutími flokkstjóra var frá kl. 08:00 – 16:00. Mættu þeir á hverjum morgni til verkefnafundar í bækistöðina á Garðatorgi 1 með umhverfisstjóra til að fara yfir gærdaginn og undirbúa dagsverkin, sem yfirflokksstjóri undirbjó. Sá tími nýttist einnig til að ræða ýmis mál tengd vinnunni, sem og til að skrá vinnustundir hópanna og færa inn í verkefnadagbók umhverfishópa sjá nánar í kökuriti aftast í skýrslunni. Einnig voru agamál tekin fyrir sem komu höfðu upp og þurfti að leysa. Verkefnisstjóri frístundar fatlaðra og flokkstjóri sem var ný staða voru viðstödd þessa morgunfundi til skipulagningar verkefna dagsins framundan t.d. með hvaða umhverfishóp hentaði að senda þau til starfanna vegna og aðgengis. Á morgunfundunum gafst umhverfisstjóra færi á að hitta flokksstjórana og fara með þeim yfir ýmis málefni og útskýringar á verkefnum. Frágangur og skil á vinnulistum til starfsmanna-halds var í umsjón Gissurar yfirflokksstjóra umhverfishópa.

Hóparnir mættu stundum beint á verkstaði við verkfæraskúrana. Þá hópa sem þurfti að flytja á vinnusvæði s.s. við Vífilsstaðavatn, í Kaupún eða út á Álfanes voru flutt með smárútu. Gerður var samningur við PH Rútur um fólksflutninga til og frá bækistöð Garðatorgi á verkstaði sem lengra var í,

út á svæði sem ekki voru í göngufæri. Töluverð aukning var á ferðum vegna fatlaðra, þau voru sótt á verkstaði í hádeginu til að komast í aðstöðu frístundar á Garðatorgi.

Fræðsla

Viðtöl vegna ráðninga flokkstjóra hófust hjá umhverfisstjóra með verkefnisstjóra strax eftir að umsóknarfresti lauk eftir 1. apríl. Það kom á óvart hve illa gekk að fá flokkstjóra til starfa sem höfðu til þess tilskilin aldur og reynslu. Nokkrir flokkstjórar hófu störf í maí við undirbúning við að koma upp vinnubúðum og verkfærum í þær og skipuleggja vinnuhópana.

Fræðsludagar flokkstjóra voru 31. maí. Námskeiðin innihéldu fræðslu um skyndihjálp, öryggismál. Ólafur Ingi Grettisson kenndi skyndihjálp.

Verkefnisstjóri sumarstarfa fatlaðra var ráðin Sara Daðadóttir, hún hóf störf þann 17. maí við undirbúning sumarstarfsins með viðtölum við skjólstæðinga og fjölskyldur þeirra. Ráðningarviðtöl voru tekin við væntanlega stuðningsaðila sem höfðu verið ráðnir til sumarstarfa hjá Garðabæ. Frístundaraðstöðu var komið upp á Garðatorgi 7 í fyrrum verslunarrými við torgið.

Samantekt helstu verkefna

Hreinsun bæjarlandsins – Ruslatínsla

Lagt var upp úr því að nýta umhverfishópa við að gera bæjarlandið sem snyrtilegast og var ruslatínsla því veigamikill verkþáttur í byrjun. Tekin voru fyrir svæðin í útmörkinni s.s. lækir, fjörur og hraun. Allt rusl sem var tínt er safnað saman á pallbíl verkefnisins og ekið að Þjónustumiðstöð í Lyngási, þar var það flokkað í viðeigandi gáma. Bæjarlandið ofan byggðar var skipulega tínt rusl. Einnig voru fjörur Bessastaðaness gengnar einn dag í ágúst og hirt upp sjórekið plast og annað rusl.

Heyrakstur og hirðing

Umhverfishóparnir sáu um mestallan heyarakstur á mönum í bænum, að beiðni garðyrkjustjóra. Aðallega voru það manir sem þurfti að raka eftir slátt verktaka. Öllu grasi var komið fyrir á jarðgerðarsvæði til sjálfbærrar moltugerðar.

Ágengar tegundir - kerfill, lúpína, njóli og bjarnarkló



Mynd: Lúpína slegin sunnan Garðastekks og Gálahrauns



Mynd: Kerfill kemur sér fyrir í lúpínubreiðum, þar sem er góða næringu að fá.

Lúpína: Það verður að segjast að lúpínan hefur haft vinninginn og yfirtekið hæðir og holt ofan byggðar, því viðfangsefnið gríðarlegt. Innan friðlands Vífilsstaðavatns hefur undanfarin sumur verið reynt að halda útbreiðslu lúpínunnar í skefjum með orfaslætti og klippingu. Vegna þess hve umhverfishópar voru fámennir gafst ekki tími í að halda uppi sama krafti við lúpínuslátt og undanfarin sumur þegar verkefnið var fjölmennara, samt voru lúpínusvæði slegin og klippt. Ekki var eytt kröftum í samfeld lúpínusvæði sem eru t.d. á fyrirhuguðum byggingarsvæðum samkvæmt aðalskipulagi s.s. Urriðaholt, Hnoðraholt, Garðaholt o.fl.

Lúpínuflekkir innan byggðar hafa verið skráðir og þeir allir klipptir eða slegnir með vélorfum, til að stemma við útbreiðslu lúpínunnar í bæjarlandinu. Þar sem lúpína var samfelld á stórum svæðum ofan byggðar var slegið meðfram stígum til að halda aðgengi að þeim opnum og ekki síst vegna hættu á útbreiðslu gróðurelda/sinubruna. Jafnframt leitast við að hamla útbreiðslu lúpínunnar út í hraunin t.d. frá Urriðaholti út í friðlýst Vífilsstaðahraunið.

Fleiri lögðu hönd á plóg með þátttöku í heftingu útbreiðslu lúpínunnar. Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands á Urriðaholti lagði fram hálf dagsverk í júní og fékk til þess lánuð slátturf og klippur frá bænum. Starfsmenn Ní vilja ekki horfa aðgerðalausir upp á að lúpínan dreifi sér inn á hraunið fyrir augum þeirra frá Urriðaholti.



Mynd tekin innan lóðar Vífilsstaða þar sem kerfillinn vex óhindrað.

Skógarkerfillinn er að breiðast út með ógnarhraða víða í bæjarlandinu, sérstaklega stingur hann sér niður í lúpínubreiður þar sem nægur næringarforði er af lúpínunni. Allir kerfilsflekki voru eltir uppi um holt og niður að lækjum. Á blómgunartíma kerfilsins í júlí fer ekki á milli mála hvar kerfillinn er að koma sér fyrir.

Unnið var að því að hamlu útbreiðslu skógarkerfilsins og voru flekkir eittraðir snemma í vor í nágrenni Vífilsstaðavatns austan Elliðavatnsvegar til móts við friðlandið og í Hlíðarhorni í enda Vífilsstaðahlíðar, neðst í Hnoðraholti o.fl. Alls staðar þar sem kerfillinn skaut upp kolli með hvítum blómum í júlí var ráðist á hann með stunguskóflum og stunginn upp. Einnig klippt ofan af honum blóm/fræbelgir áður en hann myndaði fræ og sett í poka til að hefta útbreiðslu hans.

Fræbanki kerfilsins er á ríkisjörðinni Vífilsstöðum og sáir sér í allar áttir, sem er mikið áhyggjuefni. Reynt er að hamlu útbreiðslu kerfilsins með því að yfirfara svæði umhverfis Vífilsstaði sérstaklega og fjarlægðir fræbelgir á öllum kerfli í bæjarlandinu utan Vífilsstaða, einnig í umhverfi golfvallar GKG meðfram Vífilsstaðavegi og á Álfanesi s.s. Sviðholtslandi og Eyvindarstaðalandi. Verktaki var fenginn til að slá kerfilssvæði á gamla túninu á Vífilsstöðum, sunnan leikskólans Sunnuhvols og niður undir læk. Þessi kerfilssvæði ógna friðlýstu Vífilsstaðahrauni sem er þar framundan, sunnan lækjar

Markmiðið var að finna vaxtarstaði skógarkerfilsins og uppræta úr bæjarlandinu, utan Vífilsstaða sem bærinn hefur ekki umráð yfir. Svæðin voru merkt með staurum með veifum svo þau væru auðfundin í lúpínubreiðunum. Fylgjast þarf með þessum svæðum á hverju sumri svo kerfillinn nái ekki útbreiðslu í bæjarlandinu.

Endurekin var eituruðun á kerfilsflekki aftur í ágúst mánuði.



Mynd: Kerfill sleginn á Vífilsstöðum við lækinn



Mynd: Bjarnarklór

Bjarnarklór: Eitrað var fyrir bjarnarklór á nokkrum stöðum í bæjarlandinu t.d. meðfram Arnarneslæk. Markmiðið er að finna vaxtarstaði þessarar risahvannar og uppræta úr bæjarlandinu.

Umhirða gróðurbeða

Trjáreitir á opnum svæðum í Urriðaholti voru í umsjá umhverfishópa. Þar var staðsett ein vinnubúð umhverfishópa. Trjábeðin í Urriðaholti eru í örum uppvexti og þarfnast mikils viðhalds þar til þau loka sér, þar var bætt á kurli sem yfirlag á beðin.

Gróðurbeð í Sjálandshverfi voru tekin í gegn fyrir Jónsmessuhátíð Grósku sem haldin var á Strandstígnum. Umhirða gróðurbeða í Sjálandi er mjög umfangsmikil enda þéttleiki gróðurbeða þar mikill.



Mynd: Urriðaholti, umhirða gróðurbeða.

Gróðursetningar

Gróðursettar voru trjáplöntur í lúpínubreiður í Smalaholtið.

Útivistarstígar – viðhald

Útivistarstígur umhverfis Vífilsstaðavatn yfirfarinn. Yfirlögn var lögð á stíga í Smalaholti þar sem Skógræktarfélagið lagði til efnið. Viðhaldið eldri útivistarstígum ofan byggðar. Einnig lagður stígbútur í Sjálandi og lagfærður útivistarstígur á opnu svæði í Prýðishverfi.



Mynd: yfirlagður stígur í Smalaholti



Merking gönguleiða

Yfirfarnar voru merkingar á gönguleiðum s.s Fógetastíg í Gálgahrauni og Berklastíg í Svínahrauni. Nýjar merkingar voru settar upp á gönguleið inneftir Búrfellsgjá, á gönguleiðinni uppá Búrfell.



Mynd: merkt fyrir gönguleið eftir Búrfellsgjá

Þökulögn

Þökulagnir voru ekki umfangsmiklar hjá umhverfishópunum í sumar. Frágangur meðfram göngustíg og uppgræðsla á mönum við Engidal neðan Ásahverfis.

Málningarvinna

Málningarvinnan var í umsjón Þóris Sigursteinssonar smiðs hjá garðyrkjudeild. Auk þess voru lánaðir einstaklingar til málningar vinnu á lóðum leik- og grunnskóla og á opnum leiksvæðum o.fl.

Eftirlit í friðlandi Vífilsstaðavatns

Veiðieftirlit og umsjón með veiði er yfir sumarið, þó mest í upphafi veiðitímabils 1. apríl sem sem lýkur 15. september. Veiðileyfi eru seld með Veiðikortinu www.veidikortid.is sem beðið er um að sjá í veiðieftirliti. Veiðieftirliti er sinnt af yfirflokksstjóra og umhverfisstjóra ekki reglubundið. Eftirliti sinnti Ásta Leifsdóttir landvörður og starfsmaður garðyrkjudeildar í apríl. Mikil aðsókn fólks er í friðlandið, alla virka daga, um helgar og langt fram á kvöld. Enda kvöldkyrrð við Vífilsstaðavatn eftirsóknarverð.

Hundabann á varptíma í friðlandi Vífilsstaðavatns og Urriðavatns þurfti einnig að framfylgja tímabilið 15. apríl til 15. júlí. Skilti eru sett upp eftir þörfum og tekin niður og breytt merkingum í að hundar eiga að vera í bandi. Fólk tekur þessu tilmælum misvel. Það eru ekki bara bæjarbúar sem viðra sig og hundinn við vatnið, líka ber á íbúum nágrennabæjarfélaga enda stutt í náttúruperluna.



Mynd: Kría á steini við Vífilsstaðavatn



Mynd Jóhann Óli Hilmarsson: Flórigoðapar á Vífilsstaðavatni í hreiðurstæði.

Flórigoðar og fuglalíf í friðlandinu var mjög fjölskrúðugt í sumar. Umferð fólks er mikil í friðlandinu sem virðist ekki raska fuglalífi, kannski einhver vörn fyrir arðræningjum sem kom í ljós er sjónarvottur tilkynnti tilburði til eggjastuldar. Sást til tveggja manna með tösku 3. júlí kl.20:00 sem óðu út að hreiðri flórigoða, en urðu þá varir við að horft var á þá og snéru við í flýti.

Flórigoðinn er tvímælalaust skrautfjöður Vífilsstaðavatns, sem fer ekkert á milli mála þegar fuglaskoðunarfólk er tekið tali við vatnið eða það hringir með einhver álitamál. Það má segja með sanni að flórigoðar séu hin mestu ólíkindatöl eins og fuglafræðingur sagði þegar leitað var til hans um afbrigðilegt atferli þeirrar. Það getur verið sjónarspil að fylgjast með atferli flórigoða yfir varptímann og áflogum þeirra.

Dagbók hefur verið haldin undanfarin vor aðallega um atferli flórigoðanna þó annað fuglalíf fljóti með. Hreiðurstæði voru sett út þann 14. apríl þegar greinabúnt voru sett út á tveimur stöðum út frá norður bakkanum þar sem flórigoðarnir kjósa helst að dvelja og gera hreiður. Tvö hreiðurstæði úr greinabúntum auk tveggja gervi flothreiðra sem var ný tilraun. Flórigoðarnir tóku strax við hreiðurgerð í greinabúntunum, en litu ekki við gerviflothreiðrunum nema krían sem sat þar iðulega. Í sumar sást til hringandar, skeiðandarpars og stakur himbrimi kom aftur á Vífilsstaðavatnið.

Þann 18. ágúst töldu fuglafræðingarnir Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson við vötnin, á Urriðavatni voru 2 fullorðnir flórigoðar með 2 unga og á Vífilsstaðavatni 8 fullorðnir flórigoðar og 5 ungar. Þannig að eitthvað hefur komist upp.

Við sáum bara tvo flórgoða á Ástjörn. Álfra þar með 5 unga við Urriðavatn og þar með 4 unga á Vífilsstaðavatni.

Vífilsstaðavatn var helsti duggandarstaðurinn á Innnesjum þangað til fyrir örfáum árum, nú eru þær horfnar, engin kolla með unga á vatninu. Það voru 3 pör á vatninu í byrjun júní, sem er mjög lítið. En þeim mun meira af skúföndum.

Jónsmessan Sjálandi og fleiri verkefni

Starfsmenn sumarátaks unnu við undirbúning Jónsmessuhátíðar Grósku í Sjálandshverfi og við frágang að henni lokinni. Þau komu fyrir staurum sem listafólkið strengdi á listaverk sín, sáu um umferðastjórnun á bílastæði og kakó- og kaffiveitingar við strandstíginn.

Mörg önnur verkefni sem voru framkvæmd og ekki áður skilgreind voru ýmist skipulögð fyrir sumarið eða komu upp á með stuttum fyrirvara, jafnvel samdægurs.

Erla Bil Bjarnardóttir,
umhverfisstjóri



Mynd: Grillað var í Sandahlíð



Atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni í Garðabæ sumarið 2016

skýrsla verkefnastjóra



Verkefnastjóri: Sara Daðadóttir

Almennt um úrræðið

Atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni í Garðabæ hóf starfsemi sína, í því formi sem það er í dag, fyrir fjórum árum. Starfsemin var í samstarfi við umhverfishópa sem Erla Bil Bjarnardóttir umhverfisstjóri og Gissur Hrafn Gíslason yfirflokkstjóri stýra. Þjónusta Garðabæjar við fatlað fólk miðar að því að tryggja því jafnréttindi og skapa því skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu. Fatlaðir eiga jafnan rétt til atvinnu í

sumarstarfinu og aðrir. Úrræðið fólst í því að bjóða fötluðum ungmennum atvinnu á morgnana og frístund eftir hádegi og fylgdu stuðningsaðilar þeim til vinnu og í frístund. Markmiðið með starfinu var að efla félagsleg tengsl, virkja ungmennin til sjálfstæðis og gefa ungmennunum tækifæri til að taka þátt í samfélaginu á sama hátt og jafnaldrar þeirra.

Undirbúningur og húsnæði frístundar

Í fyrra og í ár hefur frístundin verið með aðstöðu á Garðatorgi 7 en þar áður var starfsemin með aðsetur í Flataskóla. Á staðnum var góð eldhúsaðstaða með örbylgjuofn, ískápur og einnig var salernisaðstaða. Starfsemin fékk húsgögn og spil sem tilheyrðu henni frá fyrri árum en mikið af því var ekki lengur nothæft og fengum við því lánuð húsgögn frá öðrum stofnunum innan Garðabæjar. Afþreyingarefnin voru í takmörkuðu magni og kom ég því með ýmislegt að heiman svo sem púsl, spil, sjónvarp og playstation. DVD myndir og bækur fengum við lánað frá Bókasafni Garðabæjar. Við fengum aðgang að myndlistastofunni í Flataskóla en fengum ekki aðgang að neinum efnivið þannig að við nýttum ekki aðstöðuna þar en í staðin kom ég með ýmiskonar efnivið að heiman svo sem málningu sem ég gaf frístund. Ég þurfti að versla mikið inn þar sem ekki var mikið sem var í eigu frístund, svo sem hreinlætisvörur, hraðsuðuketill og ýmislegt annað. Í frístund stuðningsaðilum og þjónustunotendum boðið upp á kakó.

Umsóknarferli – Þjónustunotendur

Sólveig Steinsson umsjónarþroskapijálfi hjá fjölskyldusviði Garðabæjar sendi mér lista yfir þá sem einstaklinga sem höfðu sótt um eða höfðu sýnt því áhuga á sumarvinnu hjá Garðabæ. Ég hafði samband við alla sem voru á listanum samkvæmt leiðbeiningu frá Sólveigu og boðaði þjónustu notendurna og aðstandendur þeirra í viðtal. Í viðtalinu voru rædd ýmis atriði svo sem, áhugamál, geta þeirra til vinnu, færni, hvað þau höfðu áhuga að starfa við og væntingar þeirra til starfsins. Viðtölin fóru fram í húsnæði frístundar á Garðatogi 7 en einnig á bókasafni Garðabæjar vegna húsnæðisvandamála.

Þjónustunotendur fengu greitt til jafns við aðra sumarstarfsmenn bæjarins á sama aldri. Lagt var upp með að þau væru í vinnu frá kl. 9-12 og frístund frá kl.12-16. Allir þjónustunotendur í ár voru eldri en 17 ára voru því í heildags vinnu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel þar sem þeir sem eru fatlanir hafa margir hverjir ekki úthald í heilan vinnudag til útivinnu.

Í heildina voru starfsmenn úrræðisins 12 talsins og voru það eftirfarandi aðilar:

Mikilvægt er að góðar upplýsingar fylgi hverjum þjónustuneytanda og að verkstjóri hafi aðgang að þeim. Ég t.d. fékk aðgang að þeim hjá Erlu Bil eftir sumarið, ekki voru til upplýsingar um alla þjónustunotendur. Væri gott að þessar upplýsingar yrðu afhentar í byrjun sumars og uppfærðar í enda sumars enda þroskast þau og getur því margt breyst á milli ára.

Stuðningsaðilar

Fjöldi stuðningsaðila var metinn út frá þörfum þjónustunotenda. Alls sóttu 12 aðilar um að fá að starf sem aðstoðarmaður við fatlaða en einn dró umsóknina sína tilbaka. Fjórir af þeim sem sóttu um höfðu reynslu að vinna með fötluðum og þrír af þeim höfðu starfað áður við úrræðið. Ég var ráðin þann 17. maí og var Sólveig þegar búin að boða alla í viðtal sem ég síðan tók sem hófust sama dag og ég var ráðin. Allir þeir sem sóttu um fengu sumarvinnu.

Flestir stuðningsaðilarnir voru ungt fólk sem hafði litla eða enga reynslu af störfum með fötluðum. Það þarf að huga að því og fá þá í bland við stuðningsaðilana úr sumarátakinu. Erla Bil og reynslu meira fólk getur miðlað reynslu sinni til þeirra sem yngri eru og hafa litla eða enga reynslu og mun það gangast bæði stuðningnum og þjónustuneytendum.

Þjónustuneytendur og stuðningsaðilarnir voru fljót að kynnast og mynda bönd sín á milli. Mikill vinskapur myndaðist á milli og voru þjónustuneytendur upp til hóp mjög sáttn með stuðningsaðilanna. Í ár voru engar alvarlegar upp á komur en nokkur atvik áttu sér stað.

Vinna þjónustunotenda

Í upphafi hvers vinnudags kl. 8 kom ég mætti ég á morgunfund með Gissuri Hrafni Gíslasyni yfirflokkestjóra, Erlu Bil Bjarnardóttir og flokkstjórum. Þar fékk ég upplýsingar um staðsetningu hópa, verkefni dagsins og ræddi við flokkstjórana um hvernig gengi í hópunum hegðun stuðningsaðila og þjónustunotendur og ef einhver atvik komu upp deginum áður. Á morgnanna sinnti ég skipulagsstarfi og undirbúningi. Einnig keyrði ég á milli staða til að fylgjast með og var tilbúin til að fara út í hópana ef upp kæmu einhver mál. Á tímabilinu komu upp veikindi og mótþrói sem ég þurfti að sinna.

Útvinna hentaði ekki öllum þjónustuneytendum og ákveðin verkefni í umhverfishópnum hentuðu sumum en ekki öllum notendum. Þeir sem óskuðu eftir að fara ekki í umhverfishópa fengu vinnu á leikskóla. Alls þrír notendur fengu vinnu á leikskóla, einn allt tímabilið og tveir í fjórar vikur. Þessi samvinna gekk mjög vel og voru þjónustunotendur mjög sáttir upp til hópa. Eins og fyrri ár er vert að benda á að það væri gott að byggja upp meiri samvinnu við stofnanir og fyrirtæki svo hægt væri að bjóða fleirum einstaklingum upp á þann möguleika, að fá störf sem hentar þeim og þeirra þörfum betur.

Í upphafi var rætt að þjónustuneytendur úrræðisins myndu fá það sérverkefni að halda Garðatorgi og umhverfi þess hreinu. Þau sáu um að reita arfa, sópa, vökva og tíma rusl í umhverfinu. Þau gátu því miður ekki sinnt verkefninu eins vel og ég hefði vonast til vegna þess að þau voru oft send í önnur verkefni með umhverfishópnum. Ég tel að það henti þeim betur að vera á Garðatorgi en þau eru frekar einangruð þar frá hinum sem er ókostur. Þeim finnst áhugavert og skemmtilegt að fá að vera með umhverfishópnum og þar fá þau einnig að kynnast hvernig hóparnir þar vinna.

Frístundin

Þjónustunotendur mættu í frístundina kl. 12 og þá var hádegismatur. Klukkan 13:00 hófst dagskrá frístundarinnar. Hver dagur var skipulagður en það átti til að breytast vegna veðurs. Í sumar var veðrið mjög gott og voru þau þá oftast úti í einhverjum íþróttum eða leikjum. Á miðvikudögum var farið í sund, fimmtudögum voru ferðadagar og á föstudögum var bíó. Á mánudögum og þriðjudögum var yfirleitt val og þá stóð margt til boða t.d. bókasafn, föndur, spila, fara út í leiki. Þau voru mjög dugleg að velja leiki.

Í ár komust við ekki í eins margar ferðir og ég var að vonast eftir en var það vegna sumarfría hjá fyrirtækjum og stofnunum. Við höfðum góðan aðgang að íþróttahúsinu Ásgarði og fengum að nota salina hjá þeim. Það væri gott ef það væri hægt að hafa samband við fyrirtækin eða stofnanir með góðum fyrirvara og byggja upp framtíðarsamstarf.

Samantekt

Úrræðið í heild sinni gekk mjög vel og markmiðum starfsins var náð. Notendur náðu að efla félagsleg tengsl og myndu vináttubönd við hvort annað og stuðningsaðilana. Þeir notendur sem höfðu óskað eftir því að fá aðra vinnu en í umhverfishóp voru fjórir. Einn af þeim fékk þó

einungis hálf tímabilið vegna þess að stofnanirnar voru undirmannaðar í sumar og voru mikið með ungt fólk í sumarafleysingum. Færi gott að efla samskipti við þessar stofnanir upp á framtíðina að gera. Mikilvægt er að kynna þeim fyrir hópnum og gera þau jákvæðari fyrir því að bjóða notendunum til sín í vinnu.

Þjónustu notendahópurinn var fjölbreyttur en þó ekki eins mikið og hann hefur verið undanfarin ár. Þau er þrátt fyrir það mjög ólík og vantar betri upplýsingar um hópinn. Ég er búin að útbúa skjal með upplýsingum um þau sem má uppfæra á hverju ári. Þetta þarf að gera svo mögulegt sé að veita þeim bestu þjónustu sem við getum boðið upp á. Einnig er mikilvægt að það séu til gögn um stuðninginn svo verkefnastjóri geti séð hvort umsækjandi hafi unnið við úrræðið áður og hverskonar starfskraftur hann er. Verkefnastjóri þarf að fá aðgang að þessum gögnum um leið og undirbúningur hefst.

Stuðningsaðilarnir í ár voru mjög ungir einstaklingar sem höfðu enga eða lita reynslu á því að vinna með fötluðum. Væri gott að reyna að fá eldri og reynslumeiri einstaklinga einnig til að sækja um. Blandaður hópur myndi gagnast bæði þjónustunotendunum og einnig ungu stuðningsaðilunum.

Sara Daðadóttir

verkefnistjóri sumarstarfa fatlaðra

Niðurlag

Sumarvinna ungafólksins gefur þeim nýja sýn á bæinn sinn. Þau verkefni sem unnin voru nýliðið sumar voru mörg og fjölbreytt. Þau eiga það sameiginlegt að vera mannaflafrek, sem ungmennin hafa vonandi lært eitthvað af.

Hefðbundið er að halda grill fyrir sumarstarfsfólk umhverfishópa. Það var gert á skógræktar- og útivistarsvæðinu Sandahlíð á góðviðri júlí sl.

Við þökkum gott samstarf við Smára Guðmundsson garðyrkjustjóra, Lindu Jóhannsdóttur verkstjóra garðyrkjudeildar og Matthías Ólafsson bæjarverkstjóra og annað starfsfólk Þjónustumiðstöðvar. Þá ber að þakka flokkstjórum umhverfishópa og öllum þeim ungmennum sem störfuðu í hjá okkur í sumar fyrir þeirra framlag við að snyrta og fegra bæinn. Þakkað gott samstarf við starfsmannahald á bæjarskrifstofum.

Framtíðarsýn sumarstarfa

Reynslan hefur sýnt að fækkun er í aðsókn til sumarstarfa hjá bænum á milli ára, sem á eftir að endurtaka sig fyrir sumarið 2017. Áfram sækja fatlaðir í sumarstörf hjá bænum en þeim hefur fjölgað milli ára. Þetta er fjórða sumarið sem boðið er uppá úrræði fyrir þau.

Samstarfið milli umhverfishópa og frístundar fatlaða gekk vel síðastliðið sumar.

Mikilvægt er að umhverfisstjóri fái áfram sumarstarfsfólk til verkefna á náttúru- og útivistarsvæðum í bæjarlandinu, enda nauðsynlegt að halda áfram umhirðu á svæðum ofan byggðar sem fjallað er um hér í skýrslunni.

Erla Bil Bjarnardóttir,

umhverfisstjóri

Sundurliðun vinnustunda umhverfishópa á verkþætti

Verk	Samtals		% af heild
Hreinsun bæjarlands, lækir og hraun	250	250	2%
Heyrakstur og hirðing	450	450	4%
Kerfill, bjarnarkló og njóli	556	556	5%
Lúpína	863	863	7%
Gróðursetningar	62	62	1%
Umhirða gróðurbeða	2236	2236	18%
Merking gönguleiða	29	29	0%
Jónsmessuhátíð Sjálandi - undirbúingur, eftirlit, frágangur	424	424	3%
Frístund - sumarstörf fatlaðra	6120	6120	50%
Útivistarstígar - viðhald	392	392	3%
Sáning - landgræðsla	47	47	0%
Þökulögn - ýmsir staðir	509	509	4%
Vífilsstaðavatn friðlandið - veiðieftirlit og hundabann	93	93	1%
Málningarvinna	121	121	1%
Umsjón og annað	95	95	1%
	12247		100%

